Nr. 353 3. apríl 2012

# AUGLÝSING

**um breytingu á aðalskipulagi Garðabæjar 2004-2016, Suðvesturlínur.**

Samkvæmt 19. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 3. apríl 2012 staðfest breytingu á aðalskipulagi Garðabæjar 2004-2016 frá 12. júlí 2006.

Breytingin felst í eftirfarandi:

Nýrri 400 kV háspennulínu, Búrfellslínu 3, frá Sandskeiði að Hamranesi.

Nýrri 400 kV háspennulínu, Sandskeiðslínu 1, frá Sandskeiði að Hrauntungu.

Endurbyggingu háspennulínu, Kolviðarhólslínu 2, í núverandi línustæði ásamt spennuaukningu úr 220 kV í 245 kV.

Niðurfellingu loftlína Hamraneslínu 1 og 2 innan breytingarsvæðisins.

Niðurfellingu Sogslínu 2 frá Sandskeiði að Geithálsi.

Samkvæmt fyrirliggjandi gögnum hefur málsmeðferð verið í samræmi við skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997 og Skipulagsstofnun gert tillögu til ráðherra um staðfestingu.

Breytingin öðlast þegar gildi.

*Umhverfisráðuneytinu, 3. apríl 2012.*

F. h. r.
**Magnús Jóhannesson.**

*Íris Bjargmundsdóttir.*

B-deild – Útgáfud.: 23. apríl 2012